



Erindisbréf fyrir félagsþjónustuteymi

Sambands íslenskra sveitarfélaga

Tilgangur

Að efla starf sambandsins í málefnum félagsþjónustu sveitarfélaga og stuðla að samhæfingu innan málaflokksins, svo og samhæfingu við aðra velferðarþjónustu.

Með félagsþjónustu er átt við verkefni sveitarfélaga skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og barnaverndarlögum. Enn fremur þjónustu við fatlaða og aldraða, sem og húsnæðismál.

Jafnframt að framfylgja stefnumörkun sambandsins í málefnum félagsþjónustu á hverjum tíma á markvissan hátt, gæta hagsmuna sveitarfélaganna út á við og vera til ráðgjafar fyrir starfsmenn sambandsins.

Leiðarljós

Að nýta sem best þekkingu og reynslu starfsmanna sambandsins á sviði félagsþjónustu sveitarfélaga og annarrar velferðarþjónustu, þannig að yfirsýn yfir verkefni sambandsins og sveitarfélaga verði sem best og upplýsingamiðlun skilvirk.

Hlutverk og verkefni

Samhæfing helstu verkefna á sviði velferðarmála og miðlun upplýsinga til starfsmanna innan teymisins.

Teymið fylgist með stöðu málefna félagsþjónustu sveitarfélaga á hverjum tíma eins og mögulegt er og gerir tillögur um viðbrögð við ákveðnum aðstæðum eða atburðum ef þurfa þykir, svo sem fjölmiðlaumræðu. Einnig tekur teymið til umfjöllunar mál sem tengjast skólamálum, málefnum innflytjenda, jafnréttismálum og íþrótta- og æskulýðsmálum eftir því sem ástæða þykir til.

Teymið setur verkefni í skipulagðan vinnufarveg þannig að ábyrgð og verkaskipting sé skýr og þekking og reynsla starfsmanna af ólíkum sviðum nýtist sem best.

Teymið fylgist með gerð félagsþjónustuskýrslu sambandsins og kemur að undirbúningi hennar eftir þörfum.

Í ársskýrslu sambandsins er gerð grein fyrir starfi teymisins.

Staðsetning í stjórnskipulagi – þátttakendur og fundir

Félagsþjónustuteymið gengur þvert á svið. Það er yfirstjórn sambandsins og félagsþjónustunefnd til stuðnings við úrlausn málefna félagsþjónustu.

Félagsþjónustufulltrúi og sérfræðingar lögfræði- og velferðarsviðs, hag- og upplýsingasviðs, þróunar- og alþjóðasviðs og kjarasviðs eiga fast sæti í teyminu samkvæmt nánari ákvörðun sviðsstjóra en félagsþjónustufulltrúi kallar aðra samstarfsmenn til þátttöku eftir þörfum.

Félagsþjónustufulltrúi undirbýr og stýrir fundum. Hann sér um að gengið sé frá fundargerðum og fylgist með að mál séu leidd til lykta. Fundir skulu haldnir eftir þörfum.

Mál: 1107001SA - Samþykkt á sviðsstjórafundi 15. ágúst 2011.

Teymi sambandsins eru til að efla og samhæfa starf og þjónustu sambandsins þvert á svið þess.